

Sólveig Antonía Þorgeirsdóttir  
Hamraborg 18

200 KÓPAVOGUR

Selfoss, 7. maí 2020  
Tilvísun: 2019010036/rmj/  
Tilv. ykkar:

**Efni: Tilkynning um niðurfellingu Hæringstaðavegar (3004-01), sveitarféluginu Árborg, af vegskrá.**

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 9.3.2020 þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella Hæringstaðaveg (3004-01) af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun fyrir 6. apríl sl.


Engar athugasemdir bárust innan tilgreinds frests.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að Hæringstaðavegur (3004-01) uppfyllir ekki skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 og verður því felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur frá og með næstu áramótum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.

Landeiganda er hins vegar bent á að hægt er að sækja um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur þegar það er komin föst búseta og lögheimili. Umsókn og leiðbeiningar um hana má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is). Einnig er hægt að hafa samband við undirritaðan vegna umsóknar.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllt,

  
Svanur G. Bjarnason  
Svæðisstjóri



Suðursvæði Vegagerðarinnar

*Afrit sent á lögheimili til þeirra er málið varðar:*

- *Sveitarfélagið Árborg; [radhus@arborg.is](mailto:radhus@arborg.is) (bréf sent á netfang)*
- *Þorgeir Kolbeinsson*
- *Magnús Kristjánsson*
- *Þórdís Kristjánsdóttir*
- *Þóroddur Kristjánsson*
- *Þorgeir Kristjánsson*
- *Davíð Kristjánsson*
- *Margrét Erlingsdóttir*
- *Daníel Erlingsson*
- *Atli Erlingsson*
- *Hjálmar Árnason*
- *Kolbeinn Árnason*